

Mánudaginn 1. nóvember kl. 16:45

Gimli, Lækjargata 3
101 Reykjavík

Mætt eru á fundinn: Ásdís Spanó, formaður myndlistarráðs, Anna Jóhannsdóttir (Listasafn Íslands), Margrét Elísabet Ólafsdóttir (Listfræðafélag Íslands), Katrín Elvarsdóttir (SÍM) og Hlynur Helgason (SÍM). og Tinna Guðmundsdóttir verkefnastjóri Myndlistarráðs ritar fundargerð.

Fundargerð

1. Myndlistarsjóður og þróun hans næstu árin

- Myndlistarráð ræðir um framtíðaráherslur fyrir myndlistarsjóð og þær forsendur sem eru að baki hans.
- Umræðan fór víða og margir fletir sem þarf að skoða nánar. M.a. hvort að ráðstafa eigi fjármagni til að kynna myndlist á landsvísu og jafnframt að kynna myndlistarmiðstöð og myndlistarráð sérstaklega. Einnig hvort ráðstafa eigi sérstöku fjármagni í alþjóðlegt samstarf eða eyrnamerkja hlut fjármagnsins fyrir hátíðir eða sýningar á landsvísu.
- Skoða má hvort sé grundvöllur fyrir því að fara í samstarf við sambærileg myndlistar- eða menningaráð á Norðurlöndunum.
- Áherslur sem kemur sterklega til greina að skoða nánar eru: sýningarraðir, stærri verkefni til margra ára og verkefni sem efla tengsl milli landa.
- Ákveða þarf áherslur með góðum fyrirvara og auglýsa þegar opnað er fyrir umsóknir.
- Gerð var úttekt á myndlistarsjóði árið 2015, ákveðið að senda myndlistarráði til glöggvunar. Einnig er til skýrsla frá 2014, Miðstöð íslenskrar myndlistar, Tækifæri og áskoranir, sem myndlistarráð mun kynna sér.
- Engar ákvarðanir teknar. Verður rætt nánar á næsta fundi.

Fundi slitið 17:44